

9. Miðstöð velferðar- og heilbrigðistækni á Norðurlandi.

Halldór Sigurður Guðmundsson, framkvæmdastjóri Öldrunarheimila Akureyrar, og Sigurður Einar Sigurðsson, framkvæmdastjóri lækninga á SAK, kynntu miðstöð velferðar- og heilbrigðistækni á Norðurlandi.

Halldór sagði verkefnið, velferðartæknimiðstöð, upphaflega hafa hlotið styrkt sem áhersluverkefni hjá Eyþingi haustið 2019 og snúið að frumgreiningu á miðstöð fyrir velferðar- og heilbrigðistækni á Norðurlandi. Ætlunin hafi verið að kanna vilja meðal sveitarfélaga að stofna til einhvers konar velferðartæknimiðstöðvar á Norðurlandi.

Halldór kom inn á fólksfjölgun og sagði að eldra fólki ætti eftir að fjölga ört á næstu áratugum og að sá veruleiki kallaði á nýjar lausnir og nýsköpun í velferðarþjónustu. Hann sagði að aukin lífsgæði og sjálfsbjörg einstaklinga með aðstoð nútímatækni væru forsenda þess að hægt væri að halda uppi þeirri samfélagsþróun sem við byggjum við í dag. Þá sagði Halldór að við gætum farið að horfa á þessa breytingu á aldurssamsetningu þjóðarinnar sem einhvers konar stóriðju fyrir samfélagið í heild.

Halldór sagði velferðartækni ekki eiga eingöngu við um kaup á tölum og tækjum heldur breytingar, þ.e. tæknivæðingu eða snjallvæðingu svokallaða, rafvæðingu, stundum sjálfvirknivæðingu en allra helst vitundarvæðingu. Hann sagði velferðartækni snúast um að breyta vinnulagi og viðhorfum og skapa meira öryggi og gæði í þeirri þjónustu sem nú þegar væri veitt.

Halldór sagði stóra sóknarfærið liggja í því að íbúar og notendur velferðarþjónustu yrðu ekki fastir í sílóum, ekki fastir í sveitarfélögum eða lögheimilum, heldur færu þeir um svæðin. Hann sagði að þessi aðgreining sem væri á milli stofnana, stjórnsýslustiga og sveitarfélaga yrði að breytast yfir í það að vera meira byggð á samvinnu, samræmdri hugsun, samræmdri skráningu og samræmdum nálgunum.

Halldór sagði tillögur verkefnisins þær að sett yrði á fót þróunar-, þekkingar og þjónustumiðstöð. Markhópurinn væri eldra fólk, einstaklingar sem byggju við fötlun og aðstandendur þeirra, langveikir og fólk í endurhæfingu. Þessi miðstöð sæi um að halda utan um þekkingu og miðla henni á svæðinu og tæki að sér þjónustu- og ráðgjafahlutverk gagnvart sveitarfélögum. Halldór sagði þá sjá fyrir sér að byrja verkefnið á starfssvæði Norðurlands. Verkefnið væri fyrst og fremst íslenskt og að það gæti boðið upp á störf án staðsetningar og þjónustu án staðsetningar. Þá sagði hann að verkefnið gæti orðið að stóriðju hér fyrir norðan og að einnig væru tækifæri í útflutningi.

Halldór nefndi mögulega samstarfsaðila varðandi þekkingarmiðstöðina og voru sveitarfélögin á svæðinu þar efst á blaði. Aðrir mögulegir samstarfsaðilar voru s.s. HA, SAK, HSN, samtök sveitarfélaga, norræna velferðarmiðstöðin, Norðurlöndin og CCP. Hann sagði ástæðu til að gera ráð fyrir því að sýndarveruleiki og upplýsingagáttir sem við ættum möguleika á að nýta gætu „lyft upp öllum fjarlægðum“. Að lokum sagði Halldór að staða verkefnisins væri sú að hugmyndin væri fram komin, kostnaður lægi fyrir, ávinningurinn væri augljós og tækifærin til staðar.

Sigurður bætti við að Norðurland væri kjörland fyrir svona verkefni. Hann sagði að fagfólk væri nú þegar byrjað að vinna saman, bæði innan velferðar- og heilbrigðisviðsins, og að markmiðið væri að bæta þjónustu við fólkið í samfélaginu, hvort sem væri innan heilbrigðis- eða velferðarkerfisins.